

hefur gefið hæstu ávöxtun, hefur ekki af hálfu erfingja að búinu komið fram fyrir en í greinargerð í máli þessu það álit, að ávöxtun fjárens hafi ekki verið „með viðunandi hætti.“

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan, en hann hefur farið með málefni dánarbúsins frá 14. október 1983.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfum Petru J. Aradóttur, Ragnheiðar Aradóttur, Guðrúnar Aradóttur, Sjafnar Mörtu Haraldsdóttur og Eyglóar Haraldsdóttur í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1983.

Nr. 203/1982. **Ágúst G. Breiðdal**

gegn

**Kristni Sigurðssyni**

Vextir. Málskostnaður. Löghald.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. maí s. á. Málssókn áfrýjanda féll niður 1. október 1982, er málið skyldi þingfest. Skaut áfrýjandi málinu þá að nýju til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1982 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Var málið þingfest 1. nóvember 1982. Af hálfu stefnda var sótt þing í málinu við þingfestingu þess og við fyrirtekt 2. mars 1983, en við fyrirtektir 2. maí 1983 og 1. júní s. á. var eigi sótt þing af hálfu stefnda. Er málið var tekið fyrir á dómþingi 3. október 1983, var heldur eigi sótt þing af hálfu stefnda. Að kröfu umboðsmanns áfrýjanda var málið dómtekið í þinghaldi þann dag.

Fyrir Hæstarétti krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að dráttarvextir verði 4.75% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af 367.52 krónum frá 18. ágúst 1980 til 15. október 1980, af 2.376.52 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 20. apríl 1982, með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfur af hálfu stefnda hafa eigi borist Hæstarétti.

Mál þetta er dæmt samkvæmt 40. gr. laga nr. 75/1973.

Máli þessu er áfrýjað til breytinga á ákvæðum héraðsdóms um vexti og málskostnað. Ber að staðfesta dóminn um önnur atriði.

Stefnda ber að greiða áfrýjanda dráttarvexti, eins og segir í dómsorði.

Stefnda ber að greiða áfrýjanda 3.000.00 krónur í málskostnað í héraði. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristinn Sigurðsson, greiði áfrýjanda, Ágústi Breiðdal, 2.376.50 krónur með dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð sem hér segir: 4.75% af 376.50 krónum frá 18. ágúst til 15. október 1980 og af 2.376.50 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, en síðan af sömu upphæð 4.5% frá þeim degi til 20. apríl 1982, 4% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 5% frá þeim degi til 21. október 1983, 4.75% frá þeim degi til 21. nóvember 1983 og 4% frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 3.000.00 krónur í málskostnað í héraði.

Staðfest er löghald það, sem gert var 11. ágúst 1981 í jörðinni Leysingjastöðum, Hvammshreppi, Dalasýslu, fyrir höfuðstól, vöxtum og málskostnaði, sem dæmd eru með dómi þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## Dómur aukadómsþings Dalasýslu 2. nóvember 1981.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 19. ágúst 1981. Munnlegur málf lutningur fór fram 7. október sl., og var málið dómtekið að honum loknum. Stefnandi máls þessa er Ágúst Breiðdal, til heimilis að Sogavegi 118, Reykjavík. Stefndi er Kristinn Sigurðsson, bóndi að Leysingjastöðum, Hvammshreppi, Dalasýslu. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 2.376.52 með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 18. ágúst 1980 af kr. 376.52 til 15. október sama ár eða af kr. 2.376.52 frá þeim degi til 1. júní sl., en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim mánuði til greiðsludags. Jafnframt hefur stefnandi krafist staðfestingar á lögaldi, sem fram fór 11. ágúst 1981 í fógetarétti Dalasýslu fyrir dæmdum kröfum og málskostnaði.

Stefndi gerði upphaflega þá aðalkröfu, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að umrædd lögaldsgerð yrði numin úr gildi. Til vara gerði stefndi þá kröfu, að hann yrði einungis dæmdur til að greiða kr. 2.000.00 með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði frá 15. október 1980 til 15. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt var þess krafist, að fyrrgreint lögald yrði fellt úr gildi umfram þá fjárhæð, sem í varakröfu greinir.

Til þrautavara gerði stefndi þá kröfu, að hann yrði einungis dæmdur til greiðslu skuldar að kr. 2.376.52 með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 376.52 frá 15. september 1980 til 15. október sama ár, en af kr. 2.376.52 frá þeim degi til 15. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af sömu upphæð frá þeim degi til greiðsludags. Þess var jafnframt krafist, að margnefnt lögald yrði fellt úr gildi umfram þá fjárhæð, sem í þrautavarakröfu þessari greinir.

Í öllum tilvikum hefur stefndi gert kröfur um bætur til handa stefnda vegna ólögætrar lögaldsgerðar að mati dómsins svo og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara niðurfellingu kostnaðar. Við munnlegan málf lutning gerði stefndi þær breytingar á kröfugerð sinni, að hann einskorðar nú kröfugerð sína við þrautavarakröfu. Samkvæmt henni býðst stefndi til þess að greiða kr. 376.52 og kr. 2.000.00 með 4.75% dráttarvöxtum frá 15. október 1980 til 15. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist, að kyrrsetningin verði úr gildi felld umfram þá fjárhæð, sem hér um ræðir. Kröfur stefnda um bætur og málskostnað eru þær sömu og áður.

Málavextir eru þeir, að í sambandi við kaup stefnda á jörðinni Leysingjastöðum í Hvammshreppi í Dalasýslu samþykkti stefndi 5 víxla fyrir hluta af andvirði jarðarinnar. Víxlarnir voru með gjalddaga 15. október ár hvert,

í fyrsta sinn 15. október 1977, hver um sig að fjárhæð kr. 200.000. Stefndi greiddi fyrsta víxilinn 15. október 1977 á gjalddaga, en 3 næstu víxlarnir hafa orðið tilefni málssóknar þessarar.

Hinir umdeildu víxlar bera það með sér, að þeir eru allir út gefnir 9. apríl 1976 af stefnanda, en samþykktir af stefnda til greiðslu í útibúi Bún- aðarbanka Íslands, Búðardal, á gjalddögum 15. október 1978, 15. október 1979 og 15. október 1980, svo sem fyrr sagði. Vixlar þessir hafa hvorki verið ábaktir né afsagðir.

Ljóst er af málavöxtum, að fyrstu tveir víxlarnir voru ekki greiddir á tilgreindum gjalddaga þeirra. Þann 16. júlí 1980 ritaði umboðsmaður stefnanda bréf til stefnda svohljóðandi: „Undirrituðum hefur verið falið að innheimta hjá yður tvo víxla samtals að fjárhæð kr. 400.000. Vixlar þessir eru tilkomnir vegna kaupa yðar á jörðinni Leysingjastaðir og voru á gjalddögum 15. október 1978 og 15. október 1979. Skuld yðar samkvæmt ofangreindum víxlum sundurliðast:

Höfuðstóll .....	kr. 400.000
Dráttarvextir til dags dato .....	— 289.670
Innheimtulaun .....	— 103.000
	<hr/>
Samtals	kr. 792.670

Hafi greiðsla ekki borist skrifstofu undirritaðs innan viku frá dagsetningu bréfs þessa, verður skuldin innheimt með málssókn án frekari fyrirvara, yður til stóraukins kostnaðar.“

Ljóst er af málavöxtum, að stefndi fékk umrætt bréf í hendur. Hann greiddi síðan þann 11. ágúst 1980 inn á reikning lögmans stefnanda kr. 270.000 og stuttu síðar, eða þann 18. ágúst 1980, kr. 522.670 til sama aðilja.

Ljóst er, að stefndi fékk ekki fullnaðarkvittun frá lögmanni stefnanda vegna fyrrgreindra greiðslna, enda taldi lögmaður stefnanda, að fyrrgreind skuld væri enn ekki að fullu greidd miðað við þann kostnað, sem á væri fallinn.

Stefnandi höfðaði mál í fúgetarétti Dalasýslu með beiðni, dags. 11. ágúst sl. Krafðist hann þess, að löghald færi fram í eignum stefnda fyrir öllum þremur víxlunum (þ. e. einnig fyrir víxli, sem bar gjalddaga 15. október 1980) að fjárhæð samtals kr. 6.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði, en að frádregnum kr. 2.700.00, eins og fyrr er rakið.

Fúgetaréttarmál þetta var tekið fyrir samdægurs, og var löghald gert í jörðinni Leysingjastöðum í Hvammshreppi, Dalasýslu. Stefndi byggir kröfur sínar á umræddum þrem víxlum, hverjum að fjárhæð gkr. 200.000

með gjalddögum 15. október 1978, 15. október 1979 og 15. október 1980, en víxla þessa hafi stefndi samþykkt. Greiðslur 11. ágúst 1980 og 18. ágúst sama ár að fjárhæð samtals gkr. 792.670 hafi ekki verið fullnaðargreiðsla á þeim tveim víxlum ásamt kostnaði, sem þá voru í gjalddaga fallnir, og síðan hafi bæst við þriðji víxillinn.

Kröfur stefnda eru á því reistar, að einungis þrautavarakrafa hans sé í vanskilum. Málskostnaðarkröfu og málskostnaðarreikningi stefnanda er mótmælt sem allt of háum, og bent er á, að löghaldsgerðin hafi verið óþörf og tilefnislaus með öllu.

Við úrslit máls þessa ber að hafa í huga, að umræddir víxlar voru ekki afsagðir lögum samkvæmt. Ósannað er því, að sýning víxlanna hafi farið fram með þeim hætti, sem 38. gr. laga 93/1933 áskilur. Er því óljóst, hvernær víxlarnir með gjalddögum 15. október 1978 og 15. október 1979 lentu í vanskilum.

Með hliðsjón af þessu verður því að telja, að greiðslur þær, sem stefndi sendi á grundvelli kröfubréfs stefnanda 16. júlí 1980, hafi verið fyllilega nægjanlegar.

Að því er varðar víxil með gjalddaga 15. október 1980 verður að miða við, að hann hafi fyrst verið sýndur þann 11. ágúst 1981, er hann var lagður fram í fógetamáli gegn stefnda vegna beiðni stefnanda um löghald. Eftir þessum sjónarmiðum ber að dæma stefnda til greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem hann hefur fallist á að greiða í þrautavarakröfu, þ. e. til greiðslu kr. 2.376.52 með 4.75% dráttarvöxtum af kr. 2.000.00 frá 15. október 1980 til 15. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber að staðfesta löghaldsgerð, sem fram fór í eigum stefnda þann 1. ágúst 1981 í jörðinni Leysingjastöðum í Hvammshreppi, Dalasýslu, fyrir framangreindum fjárhæðum. Löghaldsaðgerðir stefnanda voru hins vegar tilefnislausar miðað við þau málsatvik, sem að framan er lýst. Í heild er rétt, að málskostnaður milli aðilja, þar með talinn löghaldskostnaður, falli alveg niður. Kröfu stefnda til sérstakra bóta verður ekki sinnt, með því að hún hefur ekki verið sett fram í því formi, að hún fullnægi formkröfum réttarfars.

Í munnlegum málflutningi gerði umboðsmaður stefnanda kröfu til þess, að stefnda yrði með dómi gert að greiða sekt fyrir brot á ákvæðum 4. tl. 188. gr. einkamálalaga vegna staðhæfingar í greinargerð, svohljóðandi: „Neitaði lögmaðurinn greiðslu höfuðstóls, vaxta og eðlilegs innheimtu-kostnaðar við þingfestingu málsins.“

Eigi hafa verið færðar sönnur fyrir því, að umrædd lagaheimild eigi við í máli þessu. Er því ekki unnt að verða við kröfu umboðsmanns stefnanda um réttarfarssektir.

Þéður Þorsteinsson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Stefndi, Kristinn Sigurðsson, greiði stefnanda, Ágústi Breiðdal, kr. 2.376.50 með 4.75% dráttarvöxtum af kr. 2.000.00 frá 15. október 1980 til 15. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður. Staðfest er löghald, sem fram fór 11. ágúst 1981 í stefnda, jörðinni Leysingjastöðum í Hvamshreppi, Dalasýslu, til tryggingar tilæmdum fjárhæðum.

### Löghaldsgerð fógetaréttar Dalasýslu 11. ágúst 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 11. ágúst, er fógetaréttur Dalasýslu settur að sýsluskrifstofunni í Búðardal og haldinn með undirrituðum vottum af Péttri Þorsteinssyni sýslumanni.

Fyrir er tekið fógetamálið: Ágúst Breiðadal gegn Kristni Sigurðssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 — 4 víxla, nr. 5 innheimtu-bréf og nr. 6 innborgunarkvittun.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður og krefst löghalds fyrir kr. 600.000 með 3% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af gkr. 200.000 frá 1. okt. 1978 til 1. júní 1979, en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. okt. 1979, en af gkr. 400.000 frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. okt. 1980, en af gkr. 600.000 frá þeim degi til greiðsludags, í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostaði við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál (sic), allt á abyrgð gerðarbeiðanda, allt að frádreginni innborgun 11. ágúst 1980, gkr. 270.000. Gerðarþoli er viðstaddur.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til löghalds. Mætti neitar að benda á nokkrar eignir og kveðst mótmæla réttmæti kröfunnar.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda er gert löghald í jörðinni Leysingjastöðum, og lýsir fógeti yfir löghaldi í eign gerðarþola, jörðinni Leysingjastöðum í Hraunhreppi Dalasýslu.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m. a. fyrir honum, að ekki megi ráðstafa hinni kyrrsettu eign á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri abyrgð að lögum.

Upplesið staðfest. Gerðinni lokið.